

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. maí 2021

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

18. tölublað | 15. árgangur

ROLEX

TAGHeuer

NOMOS
GLASHÜTTE

TUDOR

LONGINES

TISSOT



Verið velkomin í glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

- Virði sjávarafurða gæti aukist um 280 milljarða**

2 Virði framleiðslunnar í sjávarútvegi og tengdum greinum gæti aukist um 85 prósent frá árinu 2019 til 2030, í 615 milljarða. Þyngst vega aukin umsvif í fiskeldi.
- Létta á skuldabyrði Vaðlaheiðarganganna**

4 Fjárhagsleg endurskipulagning Vaðlaheiðarganga á lokametrunum en 18 milljarðar eru á gjalddaga í lok maí. Ríkið gæti breytt lánum í hlutafé.
- Lyfjaval boðið til sölu**

4 Apótekskeðjan Lyfjaval, sem rekur þrjú apótek á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ, hefur verið sett í formlegt söluferli en velta félagsins nam 1.400 milljónum á árinu 2020.
- Bankinn Nefco í hluthafahóp Carbon Recycling**

9 Nordic Green Bank hefur breytt láni sínu til íslenska fyrirtækisins í hlutafé og áformar að taka þátt í útboði þess við skráningu á markaði í Noregi.
- Akkeri á reki?**

10 Höfuðverkur Seðlabankans um þessar mundir er að ná niður verðbólguvæntingum áður en þær ná að hreiðra um sig í hagkerfinu, segir sjóðstjóri hjá Kviku eignastýringu.

Koma vel undan vetri

Afkoma stærstu sveitarfélaga landsins á síðasta ári var að mörgu leyti betri en á horfðist fyrir ári. Úrræði ríkisstjórnarinnar á vinnumarkaði stuðluðu að stöðugleika í tekjustofnum. Kraftmikill gangur á fasteigna- og framkvæmdamarkaði kom í veg fyrir að framkvæmdum yrði flýtt. – **sjá síðu 6**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

opticalstudio.is sími : 551 - 5800

OAKLEY

SAINT LAURENT PARIS

CÉLINE

BOTTEGA VENETA

Dior

TOD'S

DITA

TOM FORD

GIORGIO ARMANI

VERSACE

Ray-Ban

PRADA

GUCCI

VALENTINO

Alexander McQUEEN

Chloé

Leica

STELLA MCCARTNEY

BALENCIAGA

Brioni

Cartier

LINDBERG

BVLGARI

orgreen

HOME DEAR

Hagnaður Akta tífoldast og nam 750 milljónum

hordur@frettabladid.is

Akta sjóðir, sem eru einkum í eigu starfsmanna sjóðastýringarfélagsins, skiluðu rúmlega 747 milljónum króna í hagnað eftir tekjuskatt á árinu 2020 borið saman við 74 milljóna hagnað árið áður. Hagnaður Akta meira en tífoldaðist því á milli ára, en sumir vogunarsjóðir í stýringu félagsins skiluðu nærri 100 prósentu ávöxtun á liðnu ári, meðal annars vegna veðmáls á hlutafjárútbodð Icelandair síðastliðið haust þar sem sjóðirnir keyptu stóran hlut í flugfélaginu, sem var skömmu síðar seldur með tugprósentu hagnaði.

Í árslok 2020 var Akta með 11 sjóði í rekstri og nam hrein eign þeirra 33 milljörðum. Stærsti hluthafi Akta, með um 45 prósentu hlut, er félag í eigu Arnar Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra Akta, en þar á eftir er Kvika með 19 prósent. Aðrir starfsmenn Akta, fimm talsins, eiga minna en tíu prósentu hlut hver um sig.

Tekjur Akta vegna umsýsluþókna, sem reiknast bæði sem hlutfall af hreinni eign sjóða í stýringu félagsins og eins hlutfall af ávöxtun umfram ákveðin viðmið, jukust um nærri milljarð og voru samtals 1.223 milljónir. Á sama tíma hækkuðu rekstrargjöld um 105 milljónir og námu 290 milljónum. Samtals störfuðu 7 manns hjá Akta í árslok 2020.

Vogunarsjóðirnir Akta HS1 og Akta HL1, sem hafa fjárfestingarheimildir til að gíra skort- eða gnóttstöður sínar í hlutabréfum eða skuldabréfum um allt að fimmfalt, skoruðu fram úr öðrum innlendum vogunarsjóðum í fyrra hvað ávöxtun varðar, eins og Markaðurinn hefur áður upplýst um, en gengi þeirra hækkaði um annars vegar 94 prósent og hins vegar 90 prósent á árinu. Sjóðurinn Akta HS1, sem fjárfestir í

33

Hrein eign ellefu sjóða í stýringu Akta nam 33 milljörðum króna í árslok 2020.

íslenskum skuldabréfum og hlutabréfum, var 4,4 milljarðar að stærð í lok árs 2020 en Akta HL1, sem fjárfestir aðeins í innlendum hlutabréfum, var 3,7 milljarðar.

Til samanburðar hækkaði úrvals-vísitala Kauphallarinnar um 21 prósent í fyrra á meðan vísitala skuldabréfa hækkaði um 6 prósent.

Auk þess að hagnast mikið á fjárfestingu í Icelandair höfðu vogunarsjóðir Akta byggt upp drjúga stöðu í Kviku og TM þegar hlutabréfaverð félaganna tók að hækka mikið eftir að tilkynnt var um samruna þeirra í lok september. Þá tímasettu sjóðir Akta vel kaup í fasteignafélögum síðla árs, þegar jákvæðar fregnir af bóluferni juku mjög bjartsýni fjárfesta á hlutabréfamarkaði, og sömuleiðis í Eimskipum, en hlutabréfaverð skipaflutningafélagsins rauk upp um 100 prósent á síðustu þremur mánuðum ársins 2020.

Stærstu fjárfestingarsjóðir Akta, sem eru opnir almenningi, eru Stokkur, Alviðra og Vaxtatækifæri en nettó innflæði í þá sjóði nam samantlagt nálægt sjö milljörðum á síðasta ári. Hlutabréfasjóðurinn Akta Stokkur, sem skilaði 54 prósentu ávöxtun í fyrra, hefur tvöfaldast að stærð frá áramótum – hrein eign hans stendur nú í 10,6 milljörðum – samhliða áframhaldandi innflæði og riflega 21 prósentu ávöxtun það sem áfer ári. ■

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri **Hörður Egiðsson** hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður **Björn Viglundsson**

Netfang auglýsinga auglysingar@frettabladid.is Veffang markadurinn.is

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



Litlum fyrirtækjum í sjávarútvegi gengur yfirleitt erfiðlega. Rekstur stærri félaga gengur betur. MYND/JÓN SIGURDUR

85 prósentu vöxtur á áratug

Arðgreiðslur sjávarútvegsfyrirtækja sem hlutfall af hagnaði voru álíka miklar og annarra fyrirtækja á árunum 2014 til 2018 og minni á árunum 2010 til 2013.

helgivifill@frettabladid.is

Mikil tækifæri eru enn til vaxtar í sjávarútvegi, fiskeldi og tengdum greinum. Virði framleiðslunnar gæti aukist um 85 prósent frá árinu 2019 til 2030 í 615 milljarða. Þyngst vega aukin umsvif í fiskeldi sem gæti skilað nærri 200 milljörðum í útflutningstekjur eftir um áratug.

Þetta kemur fram í skýrslunni Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi sem unnin var að beiðni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og verður kynnt síðar í dag, miðvikudag.

Forsendur þess að spáin gangi eftir er að vel sé hlúð að styrkleikum íslensks sjávarútvegs, svo sem nýtingarstefnu fiskstofna, fiskveiðistjórnunarkerfinu og öflugum samspili hefðbundinna sjávarútvegsfyrirtækja og tækni- og þekkingarfyrirtækja. Styrkja þarf rannsóknarinnviði, efla innlendar rannsóknir og auka samstarf innlendra rannsóknarsjóða, segja skýrsluhöfundar.

Fiskeldi hefur stóreflst á Íslandi undanfarin ár, einkum eldi á laxi í sjókvíum. Árið 2008 voru framleidd um 4.900 tonn af eldisfiski en árið 2020 var framleiðslan 40.600 tonn. Fiskeldi í sjókvíum hefur byggst upp á tveimur landsvæðum á Íslandi, Vestfjörðum og Austurlandi. Í flestum öðrum landshlutum er fiskeldi í sjó ekki leyft.


Fiskeldi er fjárfrek atvinnugrein og framleiðsluferlið er langt en tvö til þrjú ár liða þar til lax sem alinn er í sjókvíum hefur náð markaðsstærð. Íslensku eldin eru að mestu í eigu norskra fyrirtækja sem eru reynd á þessu sviði.

Á verðlagi ársins 2019 var fjárfest í eldi fyrir um 600 milljónir árin 2008 og 2009, næstu þrjú ár fyrir um 1,1 til 1,4 milljarða króna á ári, í hönd fór tímabil þar sem fjárfestingin fór stigvaxandi þar til hún náði hámarki í 6,8 milljörðum króna árið 2017. Fjárfestingar árunna 2018 og 2019 voru nokkru minni eða 3,5 milljarðar og 2,7 milljarðar króna.


Athygli vekur að arðgreiðslur sjávarútvegsfyrirtækja sem hlutfall af hagnaði voru á árunum 2010 til 2013 lægri hjá sjávarútvegsfyrirtækjum en fyrirtækjum almennt en munurinn var lítill á árunum 2014 til 2018. Á árunum 2010 til 2013 voru arðgreiðslur í viðskiptahagkerfinu að jafnaði 47 prósent en 15 prósent í sjávarútvegi. Dæmið snerist við á síðustu árum og voru arðgreiðslur í

Útflutningsverðmæti

Verðmæti í milljörðum kr.



Hreinn stuðningur við sjávarútveg í OECD-ríkjunum Hlutfall af heildargreiðslum hins opinbera



Íslenskur sjávarútvegur sá eini sem greiðir með sér í OECD

Sjávarútvegur á Íslandi er sá eini innan OECD-ríkjanna sem greiðir meira til hins opinbera en greinin fær greitt úr opinberum sjóðum. Í helstu samkeppnislöndum Íslands er sjávarútvegur ríkisstyrktur. Veiðigjaldið veikir samkeppnisstöðu íslensku fyrirtækjanna en endurspeglar jafnframt efnahagslegan styrk greinarinnar. Þetta kemur fram í skýrslunni Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi.

„Sú staðreynd að íslenskur sjávarútvegur geti þrátt fyrir þetta staðist samkeppnina jafn vel og raun ber vitni er til merkis um styrkleika íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins í alþjóðlegu samhengi,“ segir í skýrslunni.

Eins benda skýrsluhöfundar á að sjávarútvegurinn hafi sýnt styrk sinn í þeim efnahagsþrengingum sem riðið hafi yfir íslenskt efnahagslíf á þessari öld. Það hafi komið sterklega í ljós í bankakreppunni eftir 2008 og síðan að nýju eftir efnahagsþrengingarnar sem leiddu af heimsfaraldri Covid-19. „Sjávarútvegur hefur með þessu sýnt að hann getur jafnað sveiflur í hagkerfinu og aukið með því viðnámsþrótt þess,“ segja þeir.

sjávarútvegi að meðaltali 37 prósent 2014 til 2018 en arðgreiðslur í viðskiptahagkerfinu voru 34 prósent á sama tíma, samkvæmt skýrslunni.

Í viðskiptahagkerfinu er horft fram hjá lyfjaframleiðslu, fjármála-fyrirtækjum og tryggingafélögum auk sorphirðu. Arðgreiðslur þeirra eru ekki teknar með í reikninginn.

Afkoma í sjávarútvegi hefur farið dvínandi síðasta áratug en hún er misjöfn eftir fyrirtækjum. „Litlum fyrirtækjum gengur yfirleitt erfið-

lega og eru ýmist rekin með tapi eða litlum hagnaði. Þó eru einnig dæmi um litil fyrirtæki sem skila góðum hagnaði. Rekstur stærri fyrirtækja gengur betur, sérstaklega þeim sem eru með milljarð eða meira í tekjur,“ segir í skýrslunni.

Þótt sum sjávarútvegsfyrirtæki teljist til stórra fyrirtækja á íslenskum mælikvarða eru þau litil í samanburði við mörg sjávarútvegsfyrirtæki í nágrannalöndunum, benda skýrsluhöfundar á. ■

GEFÐU STARFSFÓLKINU SUMARGJÖF



Þótt árshátíðir og ýmis annar gleðskapur hafi fallið niður hjá fyrirtækjum og stofnunum er auðvelt að gefa starfsfólkinu glaðning og gera því glaðan dag. Við útbúum óskaskrín sérmerkt þínu fyrirtæki og með kveðju til starfsfólksins. Hafðu samband í síma 577 5600 eða info@oskaskrin.is.



Þorvaldur Árnason, eigandi og framkvæmdastjóri Lyfjaval.

Apótekskeðjan Lyfjaval sett í sölu

hordur@frettabladid.is

Apótekskeðjan Lyfjaval, sem rekur þrjú apótek auk þess að eiga allar fasteignir sínar, hefur verið sett í formlegt söluferli en velta félagsins nam tæplega 1.400 milljónum króna á árinu 2020.

Í stuttri kynningu á félaginu, sem var send nýlega á fjárfesta og Markaðurinn hefur undir höndum, kemur fram að stærsta apótek Lyfjaval sé bílaapótekið í Hæðasmára en tekjur þess hafa aukist mikið á undanföllum tveimur árum – eftir að hafa verið stækkað á árinu 2018 – og voru um 840 milljónir á liðnu ári. Þá rekur Lyfjaval, sem opnaði sitt fyrsta apótek árið 2003, einnig apótek í Mjódd og á Reykjanesi.

Eigendur Lyfjaval eru hjónin Þorvaldur Árnason og Auður Harðardóttir en Þorvaldur er jafnframt framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Í fjárfestakynningunni er sagt að breytt neysluhegðun í þjóðfélaginu muni styrkja rekstur félagsins enn frekar á komandi árum. Mikil tækifæri felist í að nútímavæða bílaapótekið með fjárfestingu í sjálfvirkum lyfjapjarka. Þá séu fasteignir Lyfjaval, sem eru samtals um 1.320 fermetrar að stærð, lítið skuldsettar og „tækifæri til að breyta fjármagnskipan og strúktúr félagsins“, segir í kynningunni.

Frá árinu 2016 hefur vörusala Lyfjaval aukist að meðaltali um 10,4 prósent á ári. Mestur hefur vöxturinn hins vegar orðið á undanföllum tveimur árum eða um 46 prósent. Leiðréttur hagnaður Lyfjaval fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) á árinu 2020 var um 136 milljónir, eða tæplega 10 prósent af veltu félagsins.

Það er fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka sem hefur umsjón með söluferlinu en fjárfestar hafa frest til 17. maí næstkomandi til að skila inn óskuldbindandi tilboðum í félagið. ■

Hluthafar Vaðlaheiðarganga vinna í fjárhagslegri endurskipulagningu

Fjárhagsleg endurskipulagning Vaðlaheiðarganga er á lokametrunum. Tæplega 18 milljarðar á gjalddaga í lok maí. Veruleg minnkun í umferð um göngin og samdráttur í tekjum vegna Covid-19. Ríkið gæti breytt hluta af lánum í hlutafé.

thorsteinn@frettabladid.is

Gengið verður frá fjárhagslegri endurskipulagning Vaðlaheiðarganga á allra næstum vikum. Fjármagnskostnaður vegna framkvæmda sem fóru langt fram úr kostnaðaráætlunum á sínum tíma sligar rekstur ganganna sem annars eru rekin með litilli yfirbyggingu.

Eypór Björnsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, staðfestir í samtali við Markaðinn að viðræður séu í gangi. Enn eigi þó eftir að útfæra endurskipulagninguna. Aðspurður segir hann að ekki hafi verið rætt sérstaklega um að fá nýja hluthafa, til dæmis lifeyrissjóði, í félagið.

Eignarhald Vaðlaheiðarganga er tvískipt. Ríkissjóður fer með 33 prósent hlut en Greið leið ehf., sem meðal annars er í eigu allra sveitarfélaganna á Norðurlandi eystra, fer með 66 prósent hlut.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst er unnið að því að breyta skilmálum í lánasamningum í þeim tilgangi að létta á skuldabyrði félagsins og þá er einnig til skoðunar að ríkissjóður breyti hluta af lánum sínum í hlutafé.

Gert er ráð fyrir að niðurstaða liggi fyrir í lok mánaðarins en skuldir Vaðlaheiðarganga eru þá á gjalddaga.

Vaðlaheiðargöng voru opnuð í lok árs 2018 og gjaldtaka hófst stuttu síðar. Á árinu 2019, fyrsta rekstrarárinu, námu tekjur af innheimtu veggjalds ríflega 600 milljónum króna og umferðin á árinu var um 528 þúsund ferðir.

Ófyrirséðar tafir á framkvæmdum við Vaðlaheiðargöng höfðu í för með sér mikla kostnaðaraukningu, í formi framkvæmdakostnaðar og fjármagnskostnaðar, frá því sem upphaflega var áætlað en kostnaðaráætlun í upphafi hljóðaði upp á 8.730 milljónir króna á verðlagi ársins 2011. Þegar upp var staðið kostuðu göngin um 17 milljarða króna sem fengust í formi láns frá ríkissjóði. Vaxtagjöld Vaðlaheiðar-



Kostnaður við göngin var átta milljörðum króna yfir upphaflegum áætlunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Við erum með eins lítið utanumhald um þetta og hægt er en fjármagnskostnaðurinn er aðalatriðið.



Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga ehf.

ganga á árinu 2019 námu tæplega 900 milljónum króna.

Þá urðu tafirnar til þess að tekjuöflun félagsins í formi innheimtu veggjalds hófst rúmlega tveimur árum síðar en áætlað var. Til stóð að umferð um göngin og innheimta veggjalds hæfist á haustmánuðum 2016.

Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga hf., segir að fækkun ferðamanna vegna Covid-19 hafi haft töluverð áhrif á reksturinn á síðasta ári. Heildarumferð á árinu

Lykiltölur í rekstri Vaðlaheiðarganga 2019

Tekjur af veggjöldum: 600 milljónir
Rekstrarkostnaður 165 milljónir
Rekstrarhagnaður: 276 milljónir
Vaxtagjöld: 880 milljónir
Tap ársins: 592 milljónir

var um 418 þúsund ferðir og dróst þannig saman um 20 prósent á milli ára.

Tekjur af innheimtu veggjalds drógust hins vegar saman um 27 prósent á milli ára og skýrist það aðallega af hlutfallslegri fækkun ferðamanna sem borga stakar ferðir í göngin. Í fyrra voru 28 prósent af greiddum veggjöldum stakar ferðir fólksbila á meðan hlutfallið var 42 prósent á árinu 2019. Þá jókst sala á fyrirframgreiddum ferðum um 10 prósent á milli ára.

Valgeir segir að rekstur Vaðlaheiðarganga hafi gengið ágætlega. Rekstrartekjur eru langt umfram rekstrargjöld og hefur félagið því ekki þurft að nýta sér neinar af þeim mótvægisáðgerðum sem stjórnvöld hafa boðið upp á vegna heimsfaraldurs.

Rekstrarkostnaður Vaðlaheiðarganga, sem er einungis með tvo starfsmenn á sínum vegum, nam um 165 milljónum króna árið 2019 og með hagræðingu náðist að minnka hann um 20 prósent á árinu 2020.

„Við höfum brugðist við tekjusamdrætti eins og hægt er með lækkun á rekstrarkostnaði félagsins,“ segir Valgeir.

„Við erum með eins lítið utanumhald um þetta og hægt er en fjármagnskostnaðurinn er aðalatriðið. Við erum með mjög óhagstæð vaxtakjör miðað við það sem þekktist í dag og þess vegna skiptir miklu máli að endurfjármagna lánin svo reksturinn geti staðið undir sér í framtíðinni.“

Rekstraráætlun Vaðlaheiðarganga gerir ráð fyrir að umferðin í ár verði með svipuðu móti og hún var í fyrra. „Við gerðum okkur ekki neinar vonir um að rekstrarlægð sem Covid-19 heimsfaraldurinn veldur ferðapjónustu myndi ganga til baka strax á þessu ári en við reiknuðum með að árið 2022 yrði þetta svipað og 2019. En fyrstu 18 vikur þessa árs eru töluvert betri en á sama tíma á síðasta ári. Uppsöfnuð umferð frá ársbyrjun er 33 prósentum meiri en á sama tímabili í fyrra og þrátt fyrir að lítið sem ekkert sé um erlenda ferðamenn hér á Norðurlandi,“ segir Valgeir.

Þá segir Valgeir að meiri reynsla sé komin á innheimtukerfið, sem byggist á sjálfsafgreiðslu. „Nú á tímum heimsfaraldurs hefur viðhorf fólks til snertilausrar sjálfsafgreiðslu stórlega breyst og er fólk mjög fljótt að læra á þetta þegar það prófar. Þá er einnig hægt að hlaða niður veggjalds-appi í snjallsíma og skrá þar allt að þrjú ökutæki á sama aðganginn. Kostnaður við innheimtuna lækkar á milli ára og í dag er innheimtukostnaður um 10 prósent af veggjaldstekjum og mun verða enn minni með meiri umferð í framtíðinni.“ ■

Ein launþegasamtök tilkynnt um skráningu á hagsmunagæslu

thorsteinn@frettabladid.is

Aðeins ein hagsmunasamtök launþega, Samiðn-samband iðnfélaga, hafa nýtt lagaheimild til að tilkynna um einstaklinga sem sinna hagsmunagæslu í umboði þeirra. Þetta kemur fram í svari forsætisráðuneytisins við fyrirspurn Markaðarins.

Í lögum um varnir gegn hagsmunaaðrekstrum innan Stjórnarráðs Íslands, sem tóku gildi í byrjun árs, eru hagsmunaverðir skilgreindir sem „einstaklingar sem tala máli einkaaðila gagnvart stjórnvöldum og leitast við að hafa áhrif á störf þeirra í atvinnuskyni.“ Þessum einstaklingum er skylt að tilkynna um sig og hlutverk sitt áður en leitast er við að „hafa áhrif á stjórnvöld“.

Forsætisráðuneytið segir að til-

kynningarskyldan „hvíli á einstaklingum en ekki samtökum“ en bendir á að þeim sé heimilt að tilkynna um alla þá einstaklinga sem sinna hagsmunagæslu í umboði þeirra.

Mikill meirihluti þeirra sem hafa sent slíka tilkynningu til ráðuneytisins eru samtök sem sinna hagsmunagæslu fyrir atvinnugreinar, svo sem Samtök atvinnulífisins og aðildarsamtök þeirra, auk Viðskiptaráðs og Félags atvinnurekenda.

Þá kemur fram í svari forsætisráðuneytisins að ekki séu víðurlög við brotum á tilkynningarskyldunni. Hins vegar sé eðlilegt að slíkt verði tekið til skoðunar eftir að reynsla kemst á framkvæmd laganna.

Mikið umræðu hefur verið um hagsmunagæslu í kjölfar ummæla Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra

en hann sagði í viðtali við Stundina að Íslandi væri að miklu leyti stjórnad af hagsmunahópum.

Ásgeir útskýrði ummæli sín við Morgunblaðið í lok apríl. Hann sagði að fjölbreyttur hópur hagsmunavarda, svo sem fjármála-fyrirtæki, aðilar vinnumarkaðarins, hagsmunaaðilar í viðskiptalífi, sjávarútvegsfyrirtæki og lifeyrissjóðir, væri áhrifamikill í stjórnkerfinu.

Sem dæmi um ítök hagsmunavarda nefndi hann verkalyðsfélög. Seðlabankinn ávítaði Lifeyrissjóð verzlunarmanna í apríl fyrir að hafa ekki gætt að því að meta hæfi einstakra stjórnarmanna við ákvörðun um þátttöku í útboði Ícelandair. Formaður VR hafði áður gefið til-mæli til stjórnarmanna sjóðsins um sniðgöngu en dró þau til baka. ■



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —

Kynntu þér árangur og úrval íV sjóða á WWW.IV.IS

Sérfræðingar í fyrirtækjaráðgjöf

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka leitar að öflugum liðsfélögum til að leysa fjölbreytt og krefjandi verkefni fyrir viðskiptavinum ráðgjafarinnar.

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka veitir fjárfestum ásamt stórum og meðalstórum fyrirtækjum ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja, fjárfestingar, fjármögnun, skráningu verðbréfa í Kauphöll og verðbréfaútboð.

Í deildinni starfar hópur framúrskarandi sérfræðinga með mikla þekkingu og reynslu. Verkefni deildarinnar eru fjölbreytt, umfangsmikil, unnin í teymum og krefjast mikilla greiningar- og samskiptahæfileika.

Sérfræðingur með reynslu af fyrirtækjaráðgjöf

Helstu verkefni

- Samskipti við stjórnendur og fjárfesta
- Hugmyndavinna
- Öflun verkefna
- Verkefnastjórn
- Gerð kynningarefnis, greiningarvinna og verðmöt
- Samningaviðræður

Hæfniskröfur

- Frumkvæði, metnaður, drifkraftur, sjálfstæð vinnubrögð, samviskusemi og mikil hæfni í samskiptum
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Þekking og reynsla af notkun PowerPoint og Excel
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Umtalsverð reynsla af fyrirtækjaráðgjöf eða sambærilegu starfi
- Brennandi áhugi og þekking á íslensku atvinnulífi

Nýliði í fyrirtækjaráðgjöf

Helstu verkefni

- Gerð kynningarefnis
- Greiningarvinna
- Verðmöt á fyrirtækjum og skuldabréfum
- Önnur tilfallandi verkefni eins og utanumhald funda

Hæfniskröfur

- Frumkvæði, metnaður, drifkraftur, sjálfstæð vinnubrögð, samviskusemi og hæfni í samskiptum
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Þekking og reynsla af notkun PowerPoint og Excel
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Brennandi áhugi og þekking á íslensku atvinnulífi

Nánari upplýsingar um störfin veita Lýður Þorgeirsson, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar, lydur.thorgeirsson@arionbanki.is, og Hanna María Pálmadóttir mannauðsstjóri, hanna.maria.palmadottir@arionbanki.is.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2021. Sótt er um á arionbanki.is. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.





Á þriðja hundrað skemmtiferðaskipa heimsóttu Eyjafjörð árið 2019 en engin á síðasta ári. Afleiðingin varð mikið tekjutap fyrir Akureyrarbæ, sem jafnan hefur allt að 320 milljóna hagnað af höfninni.

Tekjustofnar héldust traustir í gegnum kófið



Þórður
Gunnarsson
thg
@frettabladid.is

Afkoma stærstu sveitarfélaga landsins á síðasta ári var töluvert betri en margir þorðu að vona fyrir nokkrum mánuðum. Tekjustofnar héldust í horfinu sökum vinnumarkaðsúrræða ríkisstjórnarinnar. Reykjavík sker sig úr meðal stærri sveitarfélaga og skilaði töluvert lakari afkomu en lagt var upp með fyrir árið 2020.

Þrátt fyrir eina dýpstu kreppu lýðveldistímans var afkoma íslenskra sveitarfélaga á árinu 2020 öllu betri en margir hefðu þoráð að vona fyrir nokkrum mánuðum. Forsvarsmenn sveitarfélaganna eru allir sammála um að hinar kjarasamningsbundnu launahækkanir sem komu til framkvæmda á síðasta ári hafi reynst sveitarfélögunum þungar í vöfum, enda er launakostnaður stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í rekstri sveitarfélaga. Hins vegar héldust útsvarstekjur í meginatriðum í horfinu, en það má fyrst og fremst rekja til úrræða ríkisstjórnarinnar. Ber þar helst að nefna hlutabótaleiðina sem tryggði mörg þúsund manns svo að segja óbreyttar tekjur þrátt fyrir stórminnkað vinnuframlag á síðasta ári, sem tryggði áframhaldandi og nánast óbreytt flæði skatttekna til sveitarfélaganna.

Fjárfesting sveitarfélaga dróst saman á árinu. Við fyrstu sýn mætti ætla að sveitarfélög hafi haldið að sér höndum við fjárfestingu á árinu í ljósi efnahagsástæðna, en ástæðurnar eru hins vegar margþættari. Þrátt fyrir að heilt yfir hafi hagkerfið kólnað á síðasta ári, voru ákveðnir hlutar þess rauðglóandi heitir. Er þar skemmst að minnast fasteigna- og framkvæmdamarkaðarins.

Stórtækar fjárfestingaráætlanir á þessu ári

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármálaáætlun ríkissjóðs fyrir árin 2022 til 2026 kemur fram að sveitarfélög hafi í mörgum tilfellum fjárfest minna á árinu 2020 en lagt var upp með, einkum vegna óvissu tengdrar faraldrinum. „Í mars 2020 beindi sambandið tilmælum til sveitarfélaga um að ráðast í margvislegar aðgerðir til að örva þjóðarbúskapinn. Sveitarfélögin brugðust ágætlega við og hrintu ýmsum aðgerðum í framkvæmd. Meðal annarra aðgerða sem sambandið beindi til sveitarfélaga var að flýta stofnframkvæmdum. [...] Visbendingar eru um að það hafi ekki gengið eftir sem skyldi. Ýmsar aðgerðir ríkisins voru til þess fallnar að auka útsvarsstofn sveitarfélaga. Má þar einkum nefna hlutabótaleiðina og lengingu tímabils tekjutengdra atvinnuleysisbóta. [...] Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árið 2021 bera hins vegar með sér áform um verulega aukningu í fjárfestingum. Samantekið er um að ræða fjárfestingar A-hluta upp á 59 milljarða króna á þessu ári, sem er hækkun um 24 prósent frá fjárhagsáætlun 2020,“ segir í umfjöllun sambandsins, sem varar þó við aukinni skuldbindingu sveitarfélaganna.

„Þessi fjárfestingaráform verða að stærstum hluta fjármögnuð með lántöku, en við blasir að halli verður á rekstri margra sveitarfélaga sem jafna þarf með lántökum. Skuldir og skuldbindingar A-hluta munu hækka upp í 124 prósent af tekjum í ár, gangi fjárhagsáætlanir eftir. Áformaðar eru lántökur umfram afborganir upp á tæplega 45 milljarða króna,“ kemur jafnframt fram í umsögninni.

Erfitt að flýta framkvæmdum

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, nefnir tvö dæmi um fjárfestingar og framkvæmdir sem gengu ekki eftir: „Samkvæmt okkar áætlunum var fyrirhugað að fjárfesta í félagslegu húsnæði fyrir 250 milljónir króna á síðasta ári. Hins vegar var svo mikill kraftur í fasteignamarkaðnum á síðasta ári að framboð þeirra íbúða sem henta undir slík búsetuúrræði var nánast ekkert. Allt seldist á örskotsstund og verðið hækkaði í hverri viku. Á endanum varð niðurstaðan sú að fjárfesting í félagslegu húsnæði varð aðeins um 80 milljónir á síðasta ári, sem var töluvert undir því sem lagt var upp með. Það er þó ánægjulegt að geta sagt frá því að í dag var ég

að skrifa undir kaupsamning og afsal á þremur nýjum félagslegum íbúðum.“

Bæjarstjórinn nefnir einnig að framkvæmd vegna tveggja lausra kennslustofa við Kársnesskóla hafi verið boðin út: „Við reyndum að flýta verkefnum til að bregðast við ástandinu í hagkerfinu. Okkur barst aðeins eitt tilboð í framkvæmdina við Kársnesskóla. Verðið sem okkur bauðst þar var miklu herra en við sjáum í venjulegu árferði. Það virðist hafa verið svo mikið að gera hjá verktökum að þeir gátu hreinlega valið sér verkefni,“ segir hann.

Stuðningur ríkisins skipti miklu

Ármann segir að afkoma Kópavogs hafi verið töluvert betri en margir

”

Við reyndum að flýta verkefnum til að bregðast við ástandinu í hagkerfinu.

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi

þorðu að vona um mitt síðasta ár: „Stuðningur ríkisins í gegnum atvinnuleysistryggingasjóð tryggði að fall útsvarstekna sveitarfélaga varð miklu minna en ella hefði orðið. Það breytir því ekki að launahækkanir vegna kjarasamninga reyndust þungar í vöfum. Við bjuggum hins vegar að því að hafa framkvæmt varúðarfærslu vegna afkomu ársins 2019, þar sem ekki var búið að ná kjarasamningum á þeim tíma sem sá ársreikningur var samþykktur. Fyrir vikið var hækkun á launakostnaði milli ára á árinu 2020 minni en ella.

Þetta sýnir þó öðru fremur hvað Kópavogur er sterk rekstrareining, þar sem okkar afkoma á þessi ári inniheldur ekki óreglulegar tekjur vegna úthlutunar á lóðum eða annað í þeim dúr,“ segir hann.

Varnarsigur í Hafnarfirði

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir að sveitarfélagið hafi verið rekið með miklu aðhaldi á síðasta ári. Sé rýnt í ársreikning Hafnarfjarðarbæjar fyrir síðasta ár kemur í ljós að rekstrarafkoma A-hluta bæjarsjóðs, eftir fjármagnsliði og afskriftir, var neikvæð um 2,27 milljarða króna. Söluhagnaður vegna hlutarins í HS Veitum og lóðasölu skilaði bænum hins vegar 3,34 milljörðum króna í kassann. Það ýtti rekstri bæjarins vel upp fyrir núllið á síðasta ári.

„Við litum á rekstur síðasta árs sem ákveðinn varnarsigur þar sem óvenjulegir liðir voru bæði á tekju- og gjaldahlið. Það liggur fyrir að sala á 15 prósentu hlut í HS Veitum hafði verulega áhrif á endanlega afkomu Hafnarfjarðar á síðastliðnu ári og lóðasala einnig.

Á móti kemur að umsamdar launahækkanir voru óvenju miklar á árinu og þeim fylgdu verulegar hækkanir á lífeyrisskuldbindingar



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

bæjarsjóðs. Þar við bætast efnahagsleg áhrif vegna Covid-19 faraldursins. Ef við tækjum út söluhagnað hlutabréfanna, lóðasölu, hækkun lífeyrisskuldbindinga og áhrif vegna Covid-19 hefði afkoma bæjar-sjóðs samt verið jákvæð, samkvæmt útreikningum okkar,” segir Rósa.

Um hækkun launakostnaðar bætir Rósa því við að launakostnaður bæjarins hafi hækkað um 12,7 prósent á síðasta ári, eða um 1,8 milljarða króna. „Það segir sig sjálft að hjá sveitarfélagi þar sem meira en helmingur útgjalda eru laun og tengd gjöld vegur slík hækkun mjög þungt. Kjarasamningarnir höfðu einnig þau áhrif að lífeyrisskuldbindingar hækkuðu um 900 milljónir króna umfram áætlun.“ Rósa bætir því við að ekki hafi verið brugðist við með því að fækka starfsfólki: „Bærinn er rekinn með aðhaldi en ég held þó að

hækkun launakostnaðar hjá okkur sé nokkurn veginn í takti við flest sambærileg sveitarfélög fyrir árið 2020.“

Broththvarf ferðamanna hafði ekki mikil áhrif á fjárhag Hafnarfjarðar á síðasta ári, að mati Rósu. Hins vegar er ekki hægt að segja það sama um Akureyri.

Borguðu með höfninni

Akureyrarhöfn hefur á síðustu árum skilað bænum á bilinu 220 til 320 milljónum á ári hverju, en fjöldi skemmtiferðaskipa venur jafnan komu sína þangað. Komur skemmtiferðaskipa voru 179 sumarið 2018 og 208 skip lögðust að bryggju fyrir norðan sumarið 2019. Líkt og öll önnur ferðaþjónusta lögðust ferðir skemmtiferðaskipa af um allan heim sumarið 2020. Sennilega er ekkert sveitarfélag á Íslandi sem varð fyrir

jafnmiklu tapi hlutfallslega og Akureyri í þessum efnum.

„Hins vegar eru núna jákvæð merki um að skemmtiferðaskip með bólusetta farþega muni koma til Akureyrar í sumar,” segir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri. „Hagnaðurinn er sveiflukenndur af hafnarrekstrinum en vanalega er hann milli 220-320 milljónir árlega en á síðasta ári var 100 milljóna króna tap af rekstri hafnarinnar,” segir hún.

Þungur rekstur öldrunarheimila

Ásthildur útskýrir að höfnin hafi hins vegar ekki verið stærsti skellurinn í rekstri bæjarins: „Hallinn á síðasta ári skýrist fyrst og fremst af miklum kjarasamningsbundnum launahækkunum og rekstri öldrunarheimila hér á Akureyri, en allir kannast við umræðuna um vanfjár-

mögnun hjúkrunarheimila. Framlag Akureyrarbæjar með rekstri Öldrunarheimila Akureyrarbæjar var 537 milljónir á síðasta ári. Auðvitað gleðst ég yfir að kjarabætur eigi sér stað á vinnumarkaði, en þetta var mjög þungt fyrir rekstur bæjarins á síðasta ári.“

Akureyri hefur nú losað sig undan rekstri öldrunarheimila frá og með 1. maí síðastliðnum, en reksturinn er nú kominn í hendur einkaaðila.

Ármann tekur í sama streng og Ásthildur og segir yfirfærslu reksturs öldrunarheimila frá ríkinu til sveitarfélaga alla tíð hafa verið vanfjármagnaða framkvæmd. „Við höfum neitað að taka yfir rekstur öldrunarheimila. Ríkið hefur viljað koma þessum rekstri yfir á okkur en við höfum hafnað því, enda höfum við séð að það er vitlaust gefið í þeim efnum,” segir hann.

Til að vaxa út úr kreppunni er því gert ráð fyrir lántöku til að fjármagna fjárfestingar. Það má ekki gleyma því í umræðunni að skuldir borgarinnar eru hóflegar í öllu samhengi, lægri en í nágrannasveitarfélögum. Það er gott og gefur borginni viðspyrnu til að fjárfesta og vaxa þrátt fyrir núverandi aðstæður. Sama á raunir við ef skuldahlutfall A-hluta ríkissjóðs er reiknað til sam-anburðar,” segir Dagur. En skuldir ríkissjóðs samkvæmt aðferðafræði um skuldahlutfall A-hluta sveitarfélaga eru yfir 220 prósent, að sögn Dags. ■

/// Skuldahlutföll A-hluta fjögurra stærstu sveitarfélaga landsins 2019 og 2020 (milljarðar kr.)

	Tekjur 2019	Tekjur 2020	Breyting	Skuldir 2019	Skuldir 2020	Breyting	Skuldir sem hlutfall af tekjum 2019	Skuldir sem hlutfall af tekjum 2020
Reykjavík	123,35	128,6	4,3%	112,2	123,75	10,3%	91,0%	96,2%
Akureyri	20,25	20,7	2,2%	19,7	23,2	17,8%	97,3%	112,1%
Kópavogur	32,9	34	3,3%	39,7	42	5,8%	120,7%	123,5%
Hafnarfjörður	26,8	28,5	7,6%	46,2	41,1	-11,0%	172,4%	142,5%

/// Tekjur og launakostnaður sveitarfélaga - áætlanir og raunkostnaður (milljarðar kr.)

	Tekjur 2020	Tekjuáætlun 2020	Mismunur	Launakostnaður 2020	Launakostnaður áætlun 2020	Mismunur
Reykjavík	128,6	135,46	-5,1%	76,35	74,3	-2,8
Akureyri	20,7	20,3	2,0%	12,7	12,6	-0,8
Kópavogur	34	34	0,0%	19,3	18,8	-2,7
Hafnarfj.	28,85	26,8	7,6%	15,2	14,5	-4,8

/// Afkoma A-hluta fjögurra stærstu sveitarfélaga landsins (milljarðar kr.)

	Afkoma 2020	Áætlun 2020
Reykjavík	-5,8	1,52
Akureyri	-1,62	-1,83
Kópavogur	0,14	0,32
Hafnarfjörður	1,62	-1,08

”

Ef við tækjum út söluhagnað hlutabréfanna, lóðasölu, hækkun lífeyrisskuldbindinga og áhrif vegna Covid-19 hefði afkoma bæjarsjóðs samt verið jákvæð.



Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar

”

Hagnaðurinn er sveiflukenndur af hafnarrekstrinum en vanalega er hann milli 220-320 milljónir árlega en á síðasta ári var 100 milljóna króna tap.



Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Akureyrar

”

Til að vaxa út úr kreppunni er því gert ráð fyrir lántöku til að fjármagna fjárfestingar.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Betri en verstu sviðsmyndir

„Afkoma Reykjavíkur var í samræmi við útkomuspár frá því síðasta haust en heldur betri en verstu sviðsmyndir frá síðasta vori,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, aðspurður hvers vegna afkoma A-hluta borgarinnar hafi verið töluvert verri en annarra stórra sveitarfélaga á Íslandi. Tekjuáætlanir sveitarfélaganna þriggja sem raða sér á eftir borginni stóðust á síðasta ári eða voru umfram áætlanir. „Íslenska ríkið skar sig úr frá öðrum Norður-löndum með takmörkuðum stuðningi við sveitarfélög. Annars staðar voru þau varin fyrir tekjutapi og auknum útgjöldum vegna faraldursins.“

Stór fjárfestingaráætlun

„Borgin hefur bent á að þetta eru mistök sem hafa þegar leitt til minni opinberrar fjárfestingar. Reykjavík brást við stöðunni í samræmi við ráðleggingar alþjóðastofnana og annarra. Hélt sjó í rekstrinum, efndi til átaks við að fjölga störfum í samvinnu við Vinnumálastofnun og setti fram metnaðarfulla fjárfestingaráætlun, og Græna planið, með framtíðarsýn til tíu ára og átaki næstu þrjú ár. Eins og við var að búast brugðust mörg önnur sveitarfélög við stefnu ríkisstjórnarinnar með samdráttaráætlunum, til skamms og lengri tíma,“ segir Dagur. Hann bætir því við að aðgerðir borgarinnar tengdar faraldrinum hafi numið 2,2 milljörðum króna á síðasta ári. „Fjárfestingaráætlun borgarinnar og fyrirtækja borgarinnar felur í sér átak upp á 175 milljarða á næstu þremur árum undir merkjum Græna plansins,“ segir Dagur.

Töluvert hefur verið rætt um skuldastöðu Reykjavíkurborgar frá því að afkoma ársins 2020 var birt og eru að margra mati áhöld um hvort borgin hafi tök á því að ráðast í þær fjárfestingar sem fyrirætlaðar eru á næstunni. „Borgin hefur skilað góðri afkomu og háu veltufé frá rekstri undanfarin fimm ár og hefur að mestu leyti getað fjármagnað fjárfestingar með því. Í kreppu líkt og kórónaveirufaraldurinn hefur leitt af sér er ekki skynsamlegt að draga úr fjárfestingu eða skera niður í rekstri.

Til að vaxa út úr kreppunni er því gert ráð fyrir lántöku til að fjármagna fjárfestingar. Það má ekki gleyma því í umræðunni að skuldir borgarinnar eru hóflegar í öllu samhengi, lægri en í nágrannasveitarfélögum. Það er gott og gefur borginni viðspyrnu til að fjárfesta og vaxa þrátt fyrir núverandi aðstæður. Sama á raunir við ef skuldahlutfall A-hluta ríkissjóðs er reiknað til sam-anburðar,” segir Dagur. En skuldir ríkissjóðs samkvæmt aðferðafræði um skuldahlutfall A-hluta sveitarfélaga eru yfir 220 prósent, að sögn Dags. ■



VEST



Asha

Hlý og faguð hönnun Asha rúmana koma í einstaklega fallegum kopar, stáli eða úr sterkum beikikrossvið. Asha býður upp á háa og lága útfærslu í mismunandi litum. Kíktu við í Vest, Ármúla 17 og skoðaðu sýnishornin.



Ármúli 17 · 620 7200 · Fáanlegur í margvíslegum útfærslum · www.vest.is



Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lengi metið Brim undir markaðsverði

helgivifill@frettabladid.is

Verðmat Jakobsson Capital er 14 prósentum lægra en markaðsvirði Brims var við lokun markaða í gær. Verðmatið, sem er 45,5 krónur á hlut, hækkaði frá síðasta verðmati um 9 prósent en það var birt í janúar. Gengi krónu hefur styrkst um 4,5 prósent á tímabilinu og því hækkaði verðmatið í krónum talið um 5 prósent.

„Það mætti halda að greinendur Jakobsson Capital væru að leggja stjórnendur Brims í einelti,“ segir í verðmatinu sem Markaðurinn hefur undir höndum. Er vísað til þess að greinendurnir hafa frá mars 2017 metið Brim umtalsvert lægra en markaðurinn.

„Fyrstu verðmöt voru við eða rétt yfir gengi á markaði. Rekstur Brims áður Granda dalaði mjög á árunum 2017 til 2019 og lækkaði verðmatsgengi samfara lakari afkomu en gengi á markaði stóð í stað. Ævintýrlegur viðsnúningur var í rekstri á árunum 2019 og 2020

og var verðmatsgengi komið nærri markaðsgengi. Vissulega hefur loðnan jákvæð áhrif á rekstur en greinandi á þá bágð með að skilja mikla hækkun frá því síðasta haust. Hærra olíuverð og sterkara gengi krónu hefur neikvæð áhrif á rekstur á móti meiri loðnu,“ segir í verðmatinu.

Samkvæmt erlendum kennitölu-samanburði er verð Brims „í hærri kantinum“, segir í greiningunni. „Það kemur greinanda sérstaklega ekki á óvart. Verð innlendra sjávarútvegsfyrirtækja miðast oftast við verð aflaheimilda sem greinanda þykir hátt. Það er e.t.v. ekki tilviljun að innlend sjávarútvegsfyrirtæki horfi út fyrir landsteinana í fjárfestingu.“

Heildarvirði Brims, það er vaxta-berandi skuldir og hlutafé, í hlutfalli við hagnað fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EV/EBITDA) er 17 en miðgildið í samanburðarhópnum er 13,1. Hlutfallið er þó 33,2 hjá Bakkafrostri, 22,6 hjá Grieg Seafood og 20,6 hjá Salmar. ■



Helga Þórarinsdóttir, sáttamiðlari og stjórnendaráðgjafi, hefur meðal annars búið í Teheran og Búdapest.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sáttamiðlari sem hefur bæði búið í Íran og Írak

Svipmynd

Helga Þórarinsdóttir

Nám: Félagsráðgjöf (Lundi), sérhæfing í fjölskyldumeðferð og sáttamiðlun; MA í lausn ágreiningsmála (Bradford) og MA í friðarfræðum (Bradford) og doktorsnám í mannfræði (HÍ – í pásu þar til ég er komin á eftirlaun).

Störf: Sáttamiðlari og stjórnendaráðgjafi hjá Lifi og sál frá 2019. Áður var ég í stjórnendateymi Alþjóðráðs Rauða krossins með ábyrgð á samvinnu/samskiptum við innlenda samstarfsaðila í Evrópu og Mið-Asíu (staðsett í Búdapest) og þar áður í sams konar stöðum í Íran og Írak. Sáttamiðlun var hluti starfsins þegar upp komu erfiðleikar í samstarfi. Auk þess hef ég sinnt kennslu í jafnréttismálum og friðar- og átakafræðum (HÍ og Bifröst), og starfað sem ráðgjafi m.a. fyrir utanríkisráðuneytið og NATO og sem þróunar- og jafnréttisfulltrúi í Afganistan. Á árunum 1993-2008 starfaði ég fyrst sem stjórnandi hjálparstarfs á vettvangi átaka og náttúruhamfara í Sómalíu, Líberíu, Georgíu, Tadsíkistan, Bosnía, Úganda og Indlandi og þar eftir sem yfirmaður alþjóðastarfs Rauða kross Íslands. Áður en ég hóf störf hjá Rauða krossinum starfaði ég sem félagsráðgjafi í fjölskyldu og barnaverndarmálum m.a. við sáttamiðlun.

Fjölskylduhagir: Ég bý ein. Ég á einn son og fjögur barnabörn sem eru mínir gleðigjafir.

Helga Þórarinsdóttir, sáttamiðlari og stjórnendaráðgjafi hjá Lifi og sál, hefur meðal annars búið í Teheran í Íran og Búdapest í Ungverjalandi.

Hvað er sáttamiðlun milli vinnufélaga?

Það er leið sem hægt er að fara

þegar samstarfsfólk þarf aðstoð við að breyta samskiptamynsti sem veldur vanlíðan. Markmiðið er að gefa fólki tækifæri til að ná stjórn á aðstæðum þannig að það njóti sín í vinnunni. Athyglinni er beint að samskiptunum og hvaða áhrif þau hafa, frekar en að afmörkuðum deilumálum sem þarfnast úrlausnar. Hlustað er á sögur þátttakenda og þeir síðan aðstoðaðir við að endursegja sögurnar þannig að þær virki betur en þær gömlu.

Með því að hugsa öðruvísi opnast möguleikar á annars konar samskiptum. Fólk kemst þá út úr frosnu samskiptamynstri þar sem einstaklingarnir upplifa sig sem förnarlömb vegna framkomu annarra. Sáttamiðlari er ekki dómari og sátttaferlið er trúnaðarmál þeirra sem taka þátt. Ferlið byggir á að þátttakendur fari í þessa vinnu sjálfviljugir og það kemur fljótt í ljós hvort einstaklingar eru tilbúnir að nálgast vandann á nýjan hátt.

Hafa ber í huga að samskiptavandamál samstarfsfólks geta verið birtingarmyndir neikvæðrar vinnustaðamenningar og stjórnunarstíls sem yfir undir eða tekur ekki á ágreiningi og óbeinum samskiptum.

Hve langan tíma tekur það alla jafna að fá vinnufélaga til að bæta samskipti sín?

Það getur mikið gerst á stuttum tíma ef fólk er tilbúið að bregðast öðruvísi við en áður. Fólk sem fer þessa leið er að mínu mati hugað og við það eitt að leita aðstoðar er það komið hálfa leið. Eftir einstaklingsviðtöl og sáttafund tekur sáttamiðlari saman minnisblað með niðurstöðum þátttakendanna. Eftir það er haldinn fundur með stjórnanda og lokafundur mánuði seinna. Í lok sáttafundarins tekst flestum að koma sér saman um hvaða skref þurfi að taka til að bæta samskiptin og að láta sér líða betur í vinnunni. Ef það kemur í ljós að þessi leið hentar ekki, þá ráðlegg ég fólki að sækja sér einstaklingshandleiðslu. Eins getur verið gagnlegt fyrir stjórnendur að sækja sér handleiðslu til að fá aðstoð við að taka á

ágreiningi og togstreitu á vinnustað.

Geturðu nefnt dæmi um erfið samskipti á milli vinnufélaga þar sem sáttamiðlun hefur reynst vel?

Sáttamiðlun reynist vel þegar fólk er tilbúið til að nálgast samskiptin frá öðru sjónarhorni en því að eingöngu erfiði samstarfsaðilinn verði að breytast eða hætta til að ástandið batni.

Þótt fólk komi frá ólíkum vinnustöðum, litlum, stórum, einkafyrirtækjum, fjölskyldufyrirtækjum, félagasamtökum, stjórnnum og opinberum stofnunum, eru sögur þeirra svipaðar. Fólk upplifir sig misskilið, vanmetið og/eða beitt ofríki annarra og margir kvarta undan ókurteisi, virðingarleysi og óbeinum samskiptum sem meðal annars koma fram í slúðri. Einstaklingarnir finna þá fyrir vanlíðan sem rænir þá vinnugleði og starfsgetu. Árangur af sáttamiðlun er að þátttakendur komast að samkomulagi um hvaða skref þurfi að taka til að þeir geti sinnt vinnunni sinni án þess að upplifa vanlíðan.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Þær eru margar. Leitin að tilgangi lífsins eftir Viktor E. Frankl hafði mikil áhrif á mig. Ég las hana aftur þegar pabbi minn féll fyrir henni. Hann keypti mörg eintök því hann gaf bókina jafnóðum þeim sem honum þótti vænt um. Síðustu ár hefur James Hillman verið sálufélagi minn meðal annars í gegnum bækurnar A Terrible Love of War og Kinds of Power.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Mörg og misjöfn á mismunandi tímabilum því mér finnst margt skemmtilegt svo sem að dansa og mála. Ég hef alltaf haft áhuga á að hugsa, lesa og læra um hvað það er að vera manneskja. Núna hef ég mest áhuga á að ferðast um Ísland og njóta náttúrunnar á göngu með góðu fólki. Nýtt áhugamál sem freistar er að vera á skaki á litilli trilli.

Hver er uppáhaldsborgin þín?

Teheran þegar ég átti heima þar, Búdapest þegar ég bjó þar og núna Reykjavík og nágrenni. ■



Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð


KONTAKT
FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

Bankinn Nefco bætist við hluthafahóp CRI

Nordic Green Bank, sem fjármagnar grænar loftslagsvænar lausnir, hefur breytt láni sínu til íslenska tæknifyrirtækisins í hlutafé og áformar einnig að taka þátt í hlutafjárútboði þess við skráningu á markað í Noregi.

hordur@frettabladid.is

Stjórn alþjóðlegu fjármálastofnunarinnar Nordic Green Bank (Nefco) hefur ákveðið að breyta 390 milljóna króna láni til íslenska tæknifyrirtækisins Carbon Recycling International (CRI) í hlutafé. Þá hefur bankinn einnig samþykkt heimild fyrir því að hann taki þátt í áformuðu hlutafjárútboði CRI við skráningu félagsins á Euronext Growth markaðinn í Osló í sumar.

Þetta mun vera í fyrsta sinn sem Nefco, sem var stofnað árið 1990 af Norðurlöndunum fimm, fjárfestir í félagi sem er í skráningarferli á hlutabréfamarkað en hámarksfjármögnun bankans til einstakra fyrirtækja er 780 milljónir króna. Aðaláhersla Nefco er að fjármagna norrænar og grænar loftslagsvænar lausnir sem flyta fyrir grænum umskiptum á alþjóðamörkuðum.

Ingólfur Guðmundsson, forstjóri CRI, segir stuðning bankans hafa verið fyrirtækinu, sem framleiðir metanól úr koltvísýringi og vetni, ómetanlegan.

„Í byrjun árs 2020 þegar útbreiðsla faraldursins hafði haft í för með sér verulegar tafir á fyrsta verkefni okkar í Kína hafði Nefco



Verksmiðja CRI í Svartsengi en fyrirtækið framleiðir metanól úr koltvísýringi og vetni.

frumkvæði að því að veita CRI viðbótar fyrirgreiðslu. Við erum afar stolt af að fá þennan sterka bakhjarl félagsins inn í hluthafahópinn, ekki sist af því að þetta er fyrsta félagið sem Nefco gerist hluthafi í sem er í skráningarferli.“

„Ég er ánægður að sjá þann árangur sem stuðningur Nefco við CRI er að skila. Við leggjum áherslu á að styðja lítil og meðalstór fyrirtæki í vaxtarfasa og uppskölun. CRI hefur þróað tæknilausnir sem eru eftirsóttar á markaðnum og munu geta leikið veigamikil hlutverk í orkuskiptum auk þess að skapa verðmæt störf í græna hagkerfinu,“

segir Trond Moe framkvæmdastjóri Nefco.

Nefco kemur í hluthafahóp CRI tveimur mánuðum eftir að Eyrir Invest, stærsta fjárfestingafélag landsins með um fjórðungshlut í Marel, ákvað að fjárfesta í fyrirtækinu fyrir 10 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 1.300 milljóna íslenskra króna. Með kaupnum eignaðist Eyrir Invest um tíu prósent hlut og Þórður Magnússon, stofnandi og stjórnarformaður fjárfestingafélagsins, tók við sem stjórnarformaður fyrirtækisins.

Norski viðskiptabankinn Sparebank1 hefur unnið að undirbúningi

skráningar CRI á hlutabréfamarkað í Noregi en Arion banki er einnig ráðgjafi við útboðið og hefur að undanförunu kynnt félagið innlendum fjárfestum, meðal annars lifeyrissjóðum. Áformað hefur verið að sækja um líðlega 30 milljónir dala í nýtt hlutafé í útboðinu.

CRI er brautryðjandi í þróun bunnadar til að framleiða fljótandi eldsneyti og efnavöru úr vetni og koltvísýringi. Fyrirtækið hefur nýverið lokið við hönnun efnaverksmiðju sem stefnt á að gangsetja síðar á árinu í Anyang í austurhluta Kína. Verkefnið byggir á tækni CRI og mun draga úr losun á 160.000 tonn-

”

Þetta er fyrsta félagið sem Nefco gerist hluthafi í sem er í skráningarferli.

Ingólfur Guðmundsson, forstjóri Carbon Recycling.

um af koltvísýringi árlega. Heildarfjárfesting í verkefninu nemur um 12 milljörðum króna.

Þá vinnur CRI nú einnig með orkufyrirtækinu Statkraft að sameiginlegri verkefnaþróun og fjárfestingu í nýrri verksmiðju í Finnfjord í norðurhluta Noregs. Stefnt er að því að framleiðslugeta þeirrar verksmiðju verði um 25 sinnum meiri en í fyrstu verksmiðju CRI, sem reist var í Svartsengi, eða sem nemur 100 þúsund tonnum á ári.

Carbon Recycling er að stærstum hluta í eigu Íslendinga en á meðal hluthafa, með tæplega 15 prósent hlut, er kínverska fyrirtækið Zhejiang Geely Holding Group sem kom fyrst inn í hluthafahópinn árið 2015.

Tekjur fyrirtækisins námu um 722 milljónum króna í fyrra og jukust um 300 milljónir milli ára. Mikill viðsnúningur varð á hagnaði CRI fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) sem nam 249 milljónum borið saman við rekstrartap upp á 306 milljónir á árinu 2019. ■

Komum hlutunum á hreyfingu

Við bjóðum hagstæðar leiðir til að fjármagna ný og notuð atvinnutæki og bíla sem henta rekstrinum þínum.

LANDSBANKINN.IS

Skotsilfur



Kafaskil



Arnar Sigurðsson

eigandi frönsku netverslunarinnar Santewines

Segja má að Arnar hafi skráð sig á

spjöld Íslandssögunnar í síðustu viku með því að bjóða neytendum upp á afhendingu áfengis um leið og kaupin eiga sér stað. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingar geta keypt áfengi af innlendum vörulager án milligöngu ÁTVR. Íslenskir neytendur eiga heilmikið undir því að tangarhald ríkisstofnunarinnar á sölu áfengis losni en til marks um það er verðlagningin. Stella Artois bjór er seldur á fjórðungi lægra verði í frönsku netversluninni en í ÁTVR. Þá hljóta margir að fagna því að þurfa ekki að tímasetja innkaup vikunnar eftir því hvað hentar starfsmönnum ríkisstofnunar.

Á siglingu



Halldór Karl Halldórsson

einn eiganda lögmannsstofunnar BBA Fjeldco

Helstu eigendur lögmannsstofunnar

BBA Fjeldco mega vel við una. Með hagnað upp á 300 milljónir á síðasta ári geta þeir greitt sér út um 50 milljónir á haus sem er mun meira en eigendur annarra stofa geta gert. Og töluverð aukning í rekstrartekjum, sem námu 1.056 milljónum króna á síðasta ári, þýðir að lögmannsstofan nálgast óðum Lex sem önnur stærsta stofa landsins ef miðað er við veltu. Það munar um 200 milljónum. Raunar er sagt að BBA Fjeldco hafi herjað mikið á kúnna keppinautanna, einkum Logos, með því að bjóða stundum hagstæðara verð en áður hefur þekkt á þessum markaði. Samruni BBA Legal og Fjelsted & Blöndal, sem gekk í gegn haustið 2019, virðist vera að skila árangri.

Ný í stjórn Eyris



Hrund Gunnsteinsdóttir

framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um samfélagslega ábyrgð

Tveir nýir stjórnarmenn voru kjörnir

í sex manna stjórn Eyris Invest, stærsta fjárfestingafélags landsins sem heldur meðal annars á um fjórðungshlut í Marel, á hluthafafundi í lok síðasta mánaðar. Þeir eru Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um samfélagslega ábyrgð, og Stefán Árni Auðólfsson, lögmaður hjá LMB Mandat, en hann hefur meðal annars áður setið í stjórnnum Haga og Símans. Stærstu eigendur Eyris eru fedgarnir Þórður Magnússon, stjórnarformaður félagsins, og Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels, með samanlagt um 39 prósentu hlut. Aðrir helstu hluthafar eru Landsbankinn, LSR og LIVE.

Löng og hættuleg mótmæli í Kólumbíu



Mótmælt hefur verið í Kólumbíu frá 28. apríl. Mótmælin hófust friðsamlega vegna óánægju með skattahækkunir, þar á meðal á lágtækjufólk en einnig fyrir-tæki, en fóru fljótlega úr böndunum. Það má rekja til þess hve fjandsamleg óeirðalögreglan var í garð mótmælenda. Hún lét ekki nægja að beita tárágasi heldur var einnig hleypt af byssum. Því mögnuðust mótmælin og óánægjan með ríkisstjórnina. Að minnsta kosti 42 hafa látið lífið.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Akkeri á reki?



Agnar Tómas Möller, sjóðstjóri hjá Kviku eignastýringu

Verðbólgan í apríl kom mörkuðum í opna skjöldu enda var hækkunin um tvöfalt hærri en hæstu verðbólguþá greinenda höfðu spáð. Ársverðbólga mælist nú 4,6% og síðustu tólf mánuði hefur mátt rekja hátt í helming af verðbólgunni til hækkunar á innfluttum vörum. Það er hins vegar fasteignamarkaðurinn sem nú veldur fjárfestum og Seðlabankanum mestum áhyggjum og segja má að hafi tekið við af krónunni sem „verðbólguvæntingaskelfir“, því fá bönd virðast halda honum þessa stundina.


Í kjölfarið hefur verðbólguálag á skuldabréfamarkaði rokið upp og hefur 5 ára verðbólguálag hækkað úr 2,9% í 3,4% og 10 ára verðbólguálag hækkað úr 2,9% í 3,2%. Væntingar um hækkun stýrivaxta á skuldabréfamarkaði hafa risið snarlega og verðleggja markaðsaðilar að stýrivextir hækki um 0,75% á þessu ári í 1,5%, um 1,75% árið 2022 og verði komnir í 4,5% haustið 2023 (miðað er við að vextir breytist á vaxtaákvörðunardögum bankans árið 2021).

Höfuðverkur Seðlabankans um þessar mundir er sá að ná niður verðbólguvæntingum áður en þær ná að hreiðra um sig í hagkerfinu. Þótt verðbólguvæntingar til næstu ára hafi hækkað nokkuð ætti Seðlabankinn að geta sýnt ákveðið „umburðarlyndi“ gagnvart stundarverðbólgu á meðan slakinn í hagkerfinu er jafn mikill, að því gefnu að nægilega sterkar vísbendingar séu um að verðbólgan gangi niður að kúfnum loknum. Í því samhengi horfa seðlabankar gjarnan til „framtiðar verðbólguvæntinga“ sem lesa má úr verðbólguálagi á skuldabréfa-

Verðbólguálag – eftir fimm ár til fimm ára



Verðlögð stýrivaxtaþróun ríkisbréfa 10. maí 2021



markaði til 5 ára, að 5 árum liðnum (þ.e. vænt verðbólga á árunum 2026-2031, í dag). Hafa þarf þó í huga að verðbólguáhættuálag getur lyft verðbólguálaginu upp fyrir raunverulegar verðbólguvæntingar í tilfelli „verðbólguálaganda“ eins og Íslands, en niður á við í löndum sem eru vön mjög lágrí verðbólgu, eins og í Evrópu og Japan.

Fjármálamarkaðir og Seðlabankar horfa gjarnan á framtíðarverðbólguvæntingar sem „kjölfestu“ eða „akkeri“ verðbólguvæntinga, þegar þeir meta hvort vaxandi verðbólga

til skemmri tíma, svo sem vegna hækkunar hrávara, truflana í framleiðslukeðjum eða tímabundinna sveiflna í eftirspurn eftir vöru og þjónustu, leiði til þess að verðbólguvæntingar til framtíðar hækki – þ.e. að verðbólgan festi sig í sessi. Það ætti því að vera sárabót fyrir Seðlabankann að verðbólguvæntingar á þann mælikvarða hafa ekki hækkað frá seinustu verðbólguvæntingu og standa þær nú í um 3,0% – þ.e. fjárfestar vænta með öðrum orðum verðbólgu sem er 0,9% yfir verðbólguvæntingunni næstu 5 ár, en um

0,5% yfir verðbólguvæntingunni árin þar á eftir (að áhættuálagi meðtöldu). Þótt hækkun framtíðarvæntinga hafi risið nokkuð á árinu eru þær ekki háar í sögulegu samhengi; í kjölfar kjarasamninga árið 2015 fóru þær í 4,8% og í 4,4% í „WOW-krisunni“ árið 2018 og er óhætt að segja að þá hafi kjölfesta peningastefnunnar sannarlega losnað.

Í því samhengi má nefna að í Bandaríkjunum hafa 5 ára verðbólguvæntingar risið í 2,7%, eða 0,7% yfir verðbólguvæntingunni bandaríska seðlabankans, á meðan framtíðarverðbólguvæntingar eru 2,4% – frávikðið frá verðbólguvæntingunni bankans er nálægt Íslandi á þann mælikvarða.

Seðlabankinn stendur frammi fyrir snúnu verkefni; þó vaxtahækkunir munu eflaust verða áhrifaríkari en áður í baráttunni við verðbólgu þá er staðan enn mjög brothætt. Í fyrsta lagi er löng leið í átt að jafnvægi á vinnumarkaði og atvinnuleysi enn í sögulegum hæðum. Í öðru lagi gefa kannanir til kynna að fyrirtæki áætli að meðaltali að draga úr fjárfestingum næstu misserin. Í þriðja lagi þarf jafnvægi að nást á húsnæðismarkaði, en slíkt jafnvægi næst ekki nema byggt sé meira og hraðar til að mæta væntri þörf. Aukaverkanir hærri vaxta geta því orðið talsverðar.

Stjórnartæki bankans eru þó sem betur fer fleiri en vaxtataekið eitt og sér. Beiting þjóðhagsvarúðartækja sem halda aftur af lánveitingum á fasteignamarkaði ættu að vera áhrifarík leið í baráttunni við verðbólgu. Fjárfestar, skuldarar, heimili og fyrirtæki biða því spennu eftir að Seðlabankinn sýni spilin í baráttunni við verðbólgu á komandi vaxtaákvörðunarfundi í maí. Sterkari króna í meðbyr ferðaþjónustu, ásamt fjölbreyttum stjórntækjum bankans og höflegum verðbólguvæntingum í framtíð, ættu að gefa bankanum þau vopn sem hann þarf til að leggja verðbólguþrauginn að velli. ■

Einföld viðskipta- flétta

Það er góður business að kaupa
inn fyrir kaffistofuna hjá okkur.



heimkaup

Skoðun

Þorsteinn Friðrik Halldórsson



Rétt nálgun

Skipta má stjórnmalamönnum í að minnsta kosti tvær gerðir þegar kemur að því að leysa vandamál. Annars vegar eru það þeir sem bregðast snarlega við fréttum af vandamáli með því að leggja til einhvers konar fjárveitingar til málaflokksins. Þetta er ósjálfrátt viðbragð sem endurspeglar fátækt ímyndunarafl.

Stjórnmalamenn af hinni gerðinni eru sjaldgæfari. Þeir skoða kerfið í heild sinni og leitast við að breyta leikreglunum til þess að knýja fram betri niðurstöðu.

Fyrir stuttu var frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra samþykkt á Alþingi en það gjörbreytir skattalegum hvötum í kringum framlög til almannaheillasamtaka. Lögin fela í sér nýja heimild fyrir einstaklinga til að draga allt að 350 þúsund krónur á ári frá skattskyldum tekjum sínum vegna framlaga til almannaheillastarfsemi. Þá er frádráttarheimild fyrirtækja tvöfölduð úr 0,75 prósentum af veltu upp í 1,5 prósent.

Þriðji geirinn, eins og óhagnaðardrífinn starfsemi er oft kölluð til aðgreiningar frá ríkisrekstri og einkarekstri, er snar þáttur í gangverki samfélagsins. Hann fyllir í skarð sem hvorki óskilvirkt ríkisvald né hagnaðardrífinn einkarekstur geta fyllt í. En framan af hafa leikreglurnar ekki verið eins og best verður á kosid. Örlætið fól í sér aukalegan kostnað.

Nú hefur leikreglunum verið breytt þannig að þeir sem styrkja almannaheillasamtök eru ekki verr settir en aðrir. Þegar skattbyrðin minnkar á móti breytast forsendurnar og samkvæmt mati fjármálaráðuneytisins má gera ráð fyrir að framlög til slíkrar starfsemi aukist um milljarða á hverju ári.

Engar fjárveitingar þurfti til að stórefla þriðja geirann. Að vísu verður ríkið af tekjum – ráðuneytið gerir ráð fyrir 2 milljarða króna tekjutapi á ári – en það segir ekki alla söguna. Eftir því sem almannaheillastarfsemi eflist minnkar þörfin fyrir inn grip ríkisvaldsins. Svo dæmi sé tekið sinna ýmis samtök geðheilbrigðisverkefnum og aukin umsvif þeirra geta þannig dregið úr þörf á frekari fjárveitingum stjórnvalda til geðheilbrigðismála.

Lögin eru táknræn að því leyti. Segja má að þau séu formleg viðurkenning ríkisins á mikilvægi almannaheillasamtaka og jafnvel á því að slík samtök geti gengið í stað ríkisins á ýmsum sviðum. Að dreifstýring í framleiðslu samfélagslegra gæða geti verið ákjósanlegri en miðstýring. ■

Arion ráðgjafi við skráningu Play á markað

hordur@frettabladi.is

Arion banki verður á meðal ráðgjafa Play í tengslum við almennt hlutafjárútboð og skráningu flugfélagsins á First North-markaðinn í Kauphöllinni sem er áformað í næsta mánuði, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Bankinn bætist þar í hóp

með Arctica Finance en verðbréfafyrirtækið hafði einnig umsjón með lokuðu hlutfjárútboði Play sem lauk í síðasta mánuði en félagið sótti sér þar um 6 milljarða króna í nýtt hlutafé frá breiðum hópi lífeyrissjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarfélaga.

Ekki liggur endanlega fyrir hversu mikilla fjármuna Play hyggst afla sér í hinu almenna

útboði en horft hefur verið til þess að sækja mögulega um 3 til 4 milljarða króna.

Í viðtali við Markaðinn í liðinni viku sagði Birgir Jónsson, forstjóri Play, að félagið væri ekki að fara í útboð og skráningu vegna þess að það þyrfti frekara fjármagn heldur gert til að koma til móts við kröfur fjárfesta um reglulega upplýsingagjöf. ■



Hér áður fyrr var selt yfir borðið en nú eru einfaldlega aðrir tímar. Það er voðalega sérstakt viðhorf að ætla sér að hafna internetinu.

Arnar Sigurðsson, vinsali og eigandi Santewines.



Auglýsir eftir umsóknum um styrki

FrumkvöðlaAuður er sjálfseignarstofnun sem hefur það að markmiði að hvetja ungar konur til frumkvæðis og athafna.

Sjóðurinn var stofnaður árið 2009 og er úthlutað úr sjóðnum 19. júní ár hvert.

Stjórn sjóðsins skipa: Kristín Pétursdóttir formaður, Lára Jóna Björnsdóttir og Íris Arna Jóhannsdóttir.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2021.

Vinsamlega sendið umsóknir rafrænt á netfangið frumkvodlaaudur@kvika.is

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á kvika.is/samfelagsabyrgd/frumkvodlaaudur

– Stjórn FrumkvöðlaAuðar –



kvika.is

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000